

13. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 20. janúar í gegnum fjarfundarkerfið Zoom kl. 8:30.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi,
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og staðfest.

2. Kynningarmál

Kynningarmyndbönd hafa verið birt á facebook síðu verkefnisins og hafa fengið góðar undirtektir og áhorf. Bæklingur er kominn í umbrot og verður tilbúinn í dreifingu í næstu eða þarnæstu viku. Nefndarmenn munu halda áfram greinaskrifum sem munu m.a. birtast í Feyki.

Í ljósi samkomutakmarkana var ákveðið að endurskoða tímasetningar íbúafundanna sem höfðu verið ákveðnir 1. og 2. febrúar og færa þá til 7. og 8. febrúar. Áætlað er að fundirnir verði á fjórum stöðum á svæðinu, með fyrirvara um þær samkomutakmarkanir sem verða í gildi á þeim tíma. Fundarstaðirnir verði:

- Höfðaborg á Hofsósi
- Kaffi Krókur eða Ljósheimar við Sauðárkrók
- Héðinsminni í Akrahreppi
- Miðgarður í Varmahlíð

3. Undirbúningur kosninga

Undirbúningsfundur verður eftir hádegi í dag með sveitarstjórum, formönnum kjörstjórna og fulltrúa sýslumanns um opnunartíma, fyrirkomulag kosninga og hvernig staðið er að auglýsingum.

Ungmennaráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar er að undirbúa skuggakosningar í efstu bekkjum grunnskóla og FNV.

4. Viljayfirlýsing

Viljayfirlýsing um að sameiningarframlög verði alfarið nýtt til að hraða uppbyggingu skólamannvirkja í Varmahlíð hefur verið afgreidd í báðum sveitarfélögum. Viljayfirlýsingin verður birt á næstu dögum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 9:30. Næsti fundur verður 4. febrúar.

Fundargerð yfirfarin og staðfest.